
Jafnréttisáætlun Skóla Ísaks Jónssonar

Samkvæmt lögum um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla nr. 10/2008 ber öllum fyrirtækjum og stofnunum þar sem starfa fleiri en 25 manns að setja sér jafnréttisáætlun. Í 18. gr. laganna kemur fram að í slíkri áætlun þarf að kveða á um launajafnrétti, laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun, samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs og hvernig atvinnurekendur/yfirmenn stofnana og félagasamtaka ætla að koma í veg fyrir kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni á vinnustað¹.

Jafnréttisáætlunin á að vera í stöðugri þróun eins og í annarri stefnumótun. Aðgerðaráætlunin sem fylgir þessari jafnréttisáætlun er unnin af starfsmönnum skólans og munu þeir einnig fara yfir hana á skipulagsdögum við upphaf hvers skólaárs.

¹ Skólastjóri skipar 2 fulltrúa skólans í jafnréttisnefnd. Hlutverk þeirra er m.a. að koma þeim aðgerðum í verk sem tíundaðar eru í þessari áætlun.

Ábyrgð og stjórnun jafnréttismála

Skólastjóri ber ábyrgð á jafnréttisáætlun ásamt starfsfólki skólans. Í aðgerðaráætlun er skilgreint hvar ábyrgðin liggur hverju sinni.

Starfsfólk

Það er stefna Skóla Ísaks Jónssonar að tryggja að konur og karlar njóti jafnréttis. Það er mikilvægt að starfsfólk og nemendur séu metin að verðleikum og sýni hvert öðru virðingu í samskiptum. Það er markmið í sjálfu sér að standa vörð um jöfn kjör karla og kvenna. Starfsfólk skólans mun leitast við að vinna gegn úreltum hugmyndum um hlutverk kvenna og karla. Gæta skal að sem jöfnustum kynjahlutföllum í nefndum skólans sé því viðkomið.

Ráðningar og launakjör

Jafnréttissjónarmið verða höfð að leiðarljósi þegar kemur að mikilvægum ákvörðunum sem snerta starfsfólk og nemendur skólans. Allir eiga jafnan aðgang að lausum störfum, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun óháð kyni, aldri, kynþætti, trúarbrögðum, kynhneigð og stéttarstöðu. Konur og karlar skulu njóta sömu launakjara fyrir sömu störf.

Endurmenntun og starfsþróun

Allir starfsmenn skulu taka þátt í skilgreindri endurmenntun skólans. Starfsfólk skal hafa tök á að sinna starfsþróun sinni óháð kyni.

Samræming fjölskyldulífs og vinnu

Skólinn mun leggja sig fram við að koma til móts við starfsfólk þegar erfiðleikar stöðja að. Starfsfólki við Skóla Ísaks Jónssonar skal gert kleift að samræma fjölskyldulíf og vinnu. Þetta er meðal annars gert með því að verða við sveigjanlegum viðverutíma í skólanum þar sem því er við komið. Við leggjum áherslu á að starfsfólk okkar, hafi óháð kyni tök á að sinna veikindum barna sinna.

Einelti og kynferðisleg áreitni

Mikilvægt er að fræða starfsfólk skólans og nemendur um í hverju einelti felst. Einnig er mikilvægt að starfsfólk skólans þekki rétt sinn ef það verður fyrir kynferðislegri áreitni. Við skólann starfa tvo teymi, Eineltisteymi og Velliðan á vinnustað. Þessi teymi eru lausnamiðuð og hægt að leita til þeirra ef upp koma vandmál.

Jafnréttismiðað nám

Skólinn leggur áherslu á að drengir og stúlkur eigi sem jafnasta og víðtækasta möguleika. Hlutverk skólans er m.a. að tryggja að hvergi í skólastarfinu, í inntaki né starfsháttum, séu hindranir í vegi annars hvors kynsins. Þetta felur m.a. í sér að skoða námsefni og námsgögn.

Fræðsla

Mikilvægt er að standa fyrir fræðslu fyrir nemendur og starfsfólk um jafnrétti .

Launajafnrétti 19. grein

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
<p>Að konur og karlar fái sömu laun og njóti sömu kjara fyrir sömu og jafnverðmæt störf. Fylgja því eftir að launagrunnur hækki í samræmi við launaþróun. Meta, hvern einstakling² fyrir sig, út frá starfsreynslu, menntun, hæfni og aldri. Þetta mat skal óháð kyni, kynferði, kynvitund, kynhneigð,</p>	<p>Laun skulu taka mið af launatöflu stéttarfélaga og/eða einstaklingssamningum. Laun eru endurskoðuð árlega í starfsmannasamtölum. Meta skal hvern einstakling fyrir sig, út frá starfsreynslu, menntun, hæfni og aldri. Þetta mat skal óháð kyni, kynferði, kynvitund, kynhneigð, fötlun og þjóðerni. Skólastjóri og rekstrarstjóri gera úttekt þar sem skoðuð verða heildarlaun út frá kyni og starfsheitum.</p>	<p>Skólastjóri og rekstrarstjóri.</p>	<p>Fyrir starfsmannaviðtöl sem eru alla jafna í mars á hverju ári.</p>

²

Starfsfólk skólans tilheyrir nokkrum stéttarfélögum. Kennarar skólans vinna samkvæmt einkasamning.

Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun 20. grein

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
<p>Allir eiga jafnan aðgang að lausum störfum, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun óháð kyni, aldri, kynþætti, trúarbrögðum, kynhneigð og stéttarstöðu.</p>	<p>Auglýsa skal öll störf innan skólans (og utan þegar það á við). Við úrvinnslu umsókna skal fyrst og fremst líta til þess hvað nýtist stofnuninni sem best.</p> <p>Halli á annað hvort kynið er æskilegt að það hvetja það kyn sem hallar á að sækja um til að jafna hlut kynjanna.</p> <p>Skólinn skal greiða fyrir námskeið/endurmenntun sem starfsfólk er skyldað í. Starfsmenn bera sjálfir ábyrgð á að uppfylla aðra þætti endurmenntunar út frá tímakvóta í símenntunaráætlun.</p>	<p>Skólastjóri (laus störf og endurmenntun). Starfsmenn (önnur endurmenntun eftir áhugasviði).</p>	<p>Þegar auglýst er eftir nýju starfsfólki. Óskir um endurmenntun eru settar fram í starfsmannasamtölum í mars á hverju ári.</p>

Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs 21. grein

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
<p>Starfsfólki sé gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu. Að skólinn komi til móts við starfsfólk þegar upp koma erfiðar aðstæður innan fjölskyldu t.d. veikindi, dauðsföll og fleira.</p> <p>Að starfsfólk komi til móts við þarfir skólans þegar aðstæður eru erfiðar.</p>	<p>Metið við hvert einstakt tilfelli.</p>	<p>Skólastjóri, starfsfólk og vellíðunarteymi skólans.</p>	<p>Eftir aðstæðum. Endurskoða árlega.</p>

Kynbundin og kynferðisleg áreitni 22. grein

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
Koma í veg fyrir að starfsfólk verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustaðnum. Tryggja að kynbundin áreitni, kynferðislegt ofbeldi og einelti verði ekki liðið innan Skóla Ísaks Jónssonar	Semja verklagsreglur og sjá til þess að starfsfólki standi til reglulega til boða fræðsla um kynbundna áreitni, kynferðislegt ofbeldi og einelti.	Skólastjóri, eineltisteymi og vellíðun á vinnustað.	Verklagsreglur verði tilbúnar fyrir 10. júní 2014. Verklagsreglur endurskoðaðar árlega eftir það.

- Í verklagsreglum verður að vera skýrt hvert einstaklingur eigi að leita ef á honum er brotið og hver viðurlögin við slíku broti eru. Þar verður einnig að vera skýrt hvað flokkast sem kynferðisleg áreitni.

Jafnréttisáætlun Skóla Ísaks Jónssonar

Skólum ber auk þess að uppfylla 23. gr. jafnréttislega (menntun og skólastarf) og 22. gr. sömu laga (kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni).

23. gr. jafnréttis laga / menntun og skólastarf:

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
<p>Nemendur fá fræðslu um jafnréttismál.</p> <p>Að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi.</p>	<p>Ræða við nemendur um hvernig tímarnir hafa breyst. T.d. í jólasöngvum, stelpurnar vagma brúðu og strákar sparka bolta.</p> <p>Fá inn aðila frá jafnréttisstofu til að ræða/fræða nemendur um jafnrétti. Skoða námsefni.</p> <p>Fá inn aðila (foreldra) til að kynna hin ýmsu störf í samfélaginu.</p> <p>Að ræða við nemendur um mikilvægi jafnrar þátttöku fjölskyldumeðlima innan heimilis.</p> <p>Útbúa eða finna námsefni þar sem lögð er áhersla á þessa þætti.</p> <p>Umræður um Jafnrétti. Hvað þýðir orðið jafnrétti?</p> <p>Ræða við þau um rétt einstaklingsins til skólagöngu óháð stöðu og kyni.</p> <p>Ræða við nemendur um störf séu ekki kynbundin. Stúlkur geta t.d. verið slökkviliðsmenn og strákar geta verið hjúkrunarfræðingar.</p> <p>Rætt við nemendur um að feður taki jafnan þátt í heimilisstörfum á við mæður uppeldi barna sinna. (Fræðingarorlof).</p>	<p>Starfsfólk Skóla Ísaks Jónssonar.</p> <p>Starfsfólk Skóla Ísaks Jónssonar.</p>	<p>Jafnréttisvika. Vika 2 í október.</p>

23. gr. jafnréttislaga / menntun og skólastarf:

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
Að kennslu- og námsgögn mismuni ekki kynjunum.	Að rýna vel í þau námsgögn sem skólinn á. Gæta vel að því að námsefnið mismuni ekki eftir kyni og uppruna. Leitast við að bjóða upp á námsgögn og leikföng sem ýta ekki undir staðlaða kynjaskiptingu.	Kennarar.	Allt árið. Farið reglulega yfir kennslu- og námsgögn á skipulagsdögum.

23. gr. jafnréttislaga / menntun og skólastarf:

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
Í starfsfræðslu ³ fái strákar og stelpur fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.	Fá t.d. karlkyns hjúkrunarfræðing, kvenkyns slökkviliðsmann og kvenkyns lögregluþjón í skólaheimsókn. Heimsækja vinnustaði og kynna margvíslegum störfum.. Fylgjast vel með því að ekki sé ýtt undir staðlaða kynjaskiptingu. Vera meðvituð að það halli ekki á annað kynið í því námsefni sem notað er. Að allir taki jafnan þátt í öllum verkefnum, t.d. í heimilisfræði og smíðju.	Kennarar við skóla Ísaks Jónssonar.	Einu sinni á önn

³ Við Skóla Ísaks Jónssonar er ekki starfandi námsráðgjafi. Skólinn er með nemendur á yngsta stigi og svo fjóra, fimm ára bekki. Ekki hefur verið talin þörf á að hafa námsráðgjafa á yngsta stigi.

23. gr. jafnréttislaga / menntun og skólastarf:

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skólastarfinu	Gera sömu kröfur til beggja kynja. Athuga kynjaskiptingu í sérgreinum. Rýna vel í alla stefnumótun og áætlanagerð með jafnrétti í huga. Með því að reyna að passa upp á, sé því viðkomið að hafa jafna kynjaskiptingu. Með því að hafa blandaða hópa í stöðvavinnu, hópastarfi og sætavali	Starfsfólk við Skóla Ísaks Jónssonar.	Þegar skipt er í hópa. Þegar unnið er að stefnumótun og áætlanagerð.

22. gr. jafnréttislaga / kynbundin og kynferðisleg áreitni:

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
Koma í veg fyrir að nemendur verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í skólanum.	Bera virðingu fyrir báðum kynjum. Hægt að fara í hópeflisleiki, t.d. eitur í flösku, að frelsa með því að gefa fadmlag. Gera nemendur meðvitaða um kynferðislegt áreiti með fræðslu. Fá t.d. fyrirlestur frá hjúkrunarfræðingi um einkastaðina mína. Bókin „Einkastaðirnir mínir“ lesin fyrir nemendur. Allt starfsfólk lesi punkta um barnavernd inn á „Sameign“. Þar er bent á leiðir til að taka á hinum ýmsu málum sem geta komið upp.	Starfsfólk við Skóla Ísaks Jónssonar. Hjúkrunarfræðingur.	Í samfélagsfræði eða næðisstund. Fræðsla frá hjúkrunarfræðingi skipulögð í samstarfi við umsjónarkennara.

Samstarf heimilis og skóla:

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
<p>Að mæður og fedur taki jafnan þátt í skólastarfinu.</p> <p>Starfsfólk skólans útiloki ekki annað foreldrið á grundvelli kyns.</p>	<p>Við sendum allar upplýsingar á báða forráðamenn.</p> <p>Við boðum báða forráðamenn í viðtöl.</p> <p>Við leggjum áherslu á að allt heimanám sé á ábyrgð beggja foreldra.</p> <p>Leitast við að fá bekkjarfulltrúa af báðum kynjum.</p> <p>Hringt í forráðamenn óháð kyni þegar á þarf að halda.</p> <p>Leggjum áherslu á að póstar sem sendir eru á foreldra/forráðamen séu ekki kynlægir á neinn hátt,</p>	<p>Forráðamenn og starfsfólk við Skóla Ísaks Jónssonar.</p>	<p>Þegar við á.</p>

Annað:

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
Að allir í skólanum kynni sér jafnréttisáætlun skólans.	Kynna jafnréttisáætlun.	Skólastjóri	Á skipulagsdögum að hausti.